33. ársþing L.H. haldið að Hlégarði, Mosfellssveit, 29. - 30. okt. 1982, samþykkir að beina þeim tilmælum til aðildarféлага sambandsins, að þau hvetji félagsmenn sína til að sýna varúð í komandi vetrarumferð og bendi sérstaklega á nauðsyn á notkun endurskinsmerkja, bæði á menn og hross, vegna hinna hörmulegu og tíðu umferðarslysa undanfarið. Samþykkt samhljóða.

Kappreiðanefnd. Framsögn: Ágúst I. Ólafsson.

- I. Þingskjal nr. 6. Flytjandi: Kappreiðanefnd L.H. Tillögur til breytinga á kappreiðareglum L.H.
- 1) 33. ársþing L.H. 1982 samþykkir að breyta 1. gr. kappreiðalaga á þann veg að á eftir orðunum "eftir hvern sprett skulu þeir bera saman ráð sín og senda einn mann með álit sitt til dómnefndar." Komi: Mótsstjórnir geta einnig ákveðið að hlaupagæslumenn komi úrskurði sínum til dómnefndar með merkjagjöf: hvít veifa tákn já, en rauð nei". Að öðru leyti sé greinin óbreytt.
Nefndin leggur til að tillaga 2) á þingskjali nr. 6 verði samþykkt óbreytt:
 - 2) 33. ársþing L.H. 1982 samþykkir að breyta 21. gr. 6. kafla kappreiðalaga á þann veg að aldursmörk knapa verði 14 ára á því almanaksári sem keppnin fer fram. Greinin hljóði svo: "Unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki sitja hest á kappreiðum nema fyrir liggi samþykkt foreldra eða forráðamanna þeirra á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa L.H. lætur í té.

Knapar séu orðnir 14 ára eða verði það á því ári sem þeir keppa og sanni þeir það með framvísun nafnskírteinis. Knöpum er skylt að nota öryggishjálmi í öllum greinum kappreiða."

Umræður um lið 2): Þrúómar Sigurðsson, hvetur til að haldið verði við reglur frá fyrra ársþingi. Jón Leví Tryggvason og Ragnar Tómasson mæla með tillögu á þingskjali nr. 6.
Gunnar Bjarnason lýsti reglum FFIF. Magnús Hákonarson mælti með tillögu á þingskjali nr. 6. Sigfinnur Pálsson vill þyngdartakmörk að nýju. Snorri Ólafsson leggur fram tillögu um að tillaga nefndarinnar verði samþykkt og henni ekki breytt næstu 3 ár. Ragnar Tómasson bendir á að þingið geti ekki samþykkt slíkar takmarkanir. (Till. á þingskj. 12 og 19 dregnar til baka). Dagskrártillaga frá Bergi Haraldssyni þar sem öruggt má telja að þorri fulltrúa hafi myndað sér skoðun um aldursmörk knapa og maraþonumræður þar um aðeins til að tefja þingstörf, verður umræðum hætt og gengið til atkvæða um tillögu á þingskj. nr. 6. Samþykkt með 1 mótatkvæði.
Þrúómar Sigurðsson óskar eftir því að tillaga á þingskjali nr. 29, Aldurstakmark 15 ár, komi til atkvæðagreiðslu. Tillagan felld með 50 atkvæðum gegn 39.

Samþykkt með 70 atkvæðum gegn 17.

Flutningsmenn þessara tillagna eru kappreiðanefndamennirnir: Agnar Guðafsson, Birgir Guðmundsson, Eyvindur Hreggviðsson og Jón L. Tryggvason.

- II. Þingskjal nr. 23. Flytjandi: Félag tamningamanna.
33. ársþing L.H. 1982 samþykkir að knöpum sé ekki skylt að bera hjálmi í brokki og skeiði. Tillagan felld.
- III. Þingskjal nr. 24. Flytjandi: Félag tamningamanna.
33. ársþing L.H. samþykkir að öllum hestum sem eru nýliðar í skeiðkeppni sé heimil þátttaka í 150 m skeiði, og gildi sú heimild tvö keppnistímabil án tillits til aldurs hestanna. Einnig að hverjum hesti sé eingöngu heimil þátttaka í annari keppnisgreininni þ.e. 150 m eða 250 m skeiði á sama móti. Tillagan felld.
- IV. Þingskjal nr. 9 og nr. 8. Tillögur samræmdar af kappreiðanefnd í eftirfarandi tillögu:
33. ársþing L.H. haldið í Hlégarði, Mosfellssveit 29. og 30. okt. 1982 samþykkir að stjórn L.H. skipi aganefnd kappreiða. Hlutverk aganefndar skal vera að fjalla um kærur sem berast frá

dómnefndum og þátttakendum á kappreiðum í gæðinga- og íþróttakeppnum, á vegum L.H. eða hestamannafélaganna. Aganefnd skal haga störfum sínum í meginatriðum á eftirfarandi hátt: Dómnefndir á hestamótum skulu hafa tiltæk gult og rauð spjald, sem stjórn L.H. lætur útbúa og dreifa til hestamannafélaganna. Nú brýtur keppandi á hestamóti reglur L.H. og skal formaður dómnefndar þá umsvifalaust sýna þeim brotlegu gult eða rautt spjald allt eftir eðli brotsins. Gult spjald táknar áminningu, en rautt tafarlausa brottvikningu úr keppni, á því móti. Fái keppandi rautt spjald, skal hann strax dæmdur í keppnisbann á 1-3 mótum, allt eftir eðli brotsins. Hafi keppandi verið sýnt gult spjald þrisvar sinnum, skal hann dæmdur í keppnisbann á næsta móti þar á eftir. Þegar þessum ákvæðum er beitt, skal formaður dómnefndar rita aganefnd skýrslu og senda hana næsta dag. Síðan ákvarðar aganefndin um keppnisbann (viðkomandi). Stefán Pálsson tók til máls.

Tillaga frá Ragnari Tómassyni: Ársþingið samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa millipinganefnd til að semja ítarlegar reglur um skipan og starfreglur aganefndar kappreiða. Samþykkt samhljóða.

V. Tillaga frá Kappreiðanefnd:

33. ársþing L.H. samþykkir að beina því til stjórnar og/eða kappreiðanefndar að gera tillögur um breytingar á nágildandi kappreiðareglugerð sem miði að mun hraðari framkvæmd kappreiða. T.d. með tímatöku á ráslínu, breyttri kynningu þannig að allir hestar fari aftur fyrir rásmark áður en hlaup hefjast. Heimilt verði að efna til tilraunakappreiða á grundvelli tillagna nefndarinnar á næsta keppnistímabili. Endanlegar tillögur skulu lagðar fyrir næsta ársþing. Samþykkt samhljóða.

FRÁ MÓTANEFND TIL ÞINGSINS.

- I. 33. ársþing L.H. haldið í Hlégarði, Mosfellssveit 29.-30. okt. 1982, skorar á hestamannafélög í landinu, sem liggja nærri hvert öðru, að koma sér saman um að halda kappreiðar sameiginlega. Samþykkt samhljóða.
- II. Þingskjal nr. 7. Flytjandi Mótanefnd L.H. Breytingartillaga Mótanefndar:
33. ársþing L.H. haldið að Hlégarði í Mosfellssveit 29.-30. okt. 1982 samþykkir drög að reglum um girðingar meðfram sýningar- og kappreiðavöllum:

Efnisval:

- a) Uppistöður sér tréstaumar "rúnnaðir" í efti enda eða annað jafngilt efni frá öryggissjónarmiði.
- b) Línur séu úr grönnum kaðli, sveru snæri eða láréttri klæðningu.
- c) Stefnt skal að samræmingu á lit á línu og uppistöðum og sé hann hvítur.

Uppsetning:

- a) Kappreiðavöllur: Lágmarksaðhald er strenging á einfaldri línu í áberandi lit, beggja megin eftir brautarjaðri. Á beygjum og öðrum þeim stöðum þar sem hugsanlegt er að hestar sýni viðleitni til þess að hlaupa út af brautinni, skal ytri lína klædd með a.m.k. einu láréttu lituðu trébandi, minnst 4"-6" breiðu.
- b) Sérstök öryggisgirðing sé sett upp framan við áhorfendasvæði. Skal hún sett þannig að hún trufla ekki hesta í sýningu eða keppni, og fyrirbyggji að áhorfendur geti truflað hesta á sama hátt.
- c) Úthlaupshlið hesta sé það annað en beint framhald hlaupa- brautar, sé minnst 3 metra breitt og varið fyrir annarri umferð.
- d) Aðrar girðingar fari eftir aðstæðum og aðskilji sem kostur er umferð bíla, hesta og gangandi fólks.
- e) Viðbót við 3. gr. kappreiðareglu L.H. Á eftir "að halda uppi fullri reglu á kappreiðum" komi "Vallarstjórar fylgi því eftir að hundar gangi ekki lausir á mótisstað". Samþykkt samhljóða.

III. Tillaga frá Ragnari Tómassyni.

Ársþingið samþykkir að fela stjórn L.H. að láta gera úttekt á frágangi girðinga, hliða og öðrum útbúnaði kappreiða - og sýningavalla. Skal stjórnin síðan leggja fyrir næsta ársþing tillögur um, með hvaða hætti frágangi kappreiða- og sýningavalla skuli háttað svo tryggt sé sem best öryggi knapa og annarra.

Umræður: Sverrir Hallgrímsson vill vísa tillögunni frá.

Skúli Kristjánsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

Kynbótanefnd. Framsaga: Leifur Kr. Jóhannesson.

I. Álit Kynbótanefndar:

Landsþynt L.H. haldið að Hlégarði 29.-30. okt. 1982 beinir því til sýninganefndar Búnaðarfélags Íslands að hér eftir sem hingað til verði haft að meginstefnu við dóma á kynbótahrossum, að þau

séu dæmd með tilliti til kynbótagildis. Augnabliksdómar á sýningu á mótssstað gefa ekki alltaf rétta mynd af hæfileikum og eðlis-kostum hrossanna. Hér greinir á milli kynbótadóma og dóma í gæðinga- og íþróttakeppni. Því er óraunhæft að bera þessa dóma saman. Það yrði ekki hrossaræktinni til framdráttar að færa dóma á kynbótahrossum í átt til gæðingadóma. Viðbót frá Gunnari Bjarnasyni: "Árþingið leggur til að tekið verði upp mat á arfgerð kynbótahrossa og umsögn um hana á dómssvæði á landsmótum og fjórðungsmótum".

Þingið lýsir ánægju sinni yfir sýningu á ræktunarhópum eins og var á síðasta landsmóti og hvetur til þess, að slíkar sýningar fari fram á öllum fjórðungs- og landsmótum.

Taka mátti til endurskoðunar tilhögun á afkvæmasýningum kynbótahrossa á fjórðungs- og landsmótum á þann hátt að ekki sé skylt að foreldri, sem sýnt er með afkvæmum komi á mótssstað þar sem fyrst og fremst er verið að dæma afkvæmin.

II. Landsþing L.H. haldið í Hlégarði 29.-30. okt. 1982 lýsir yfir ángju sinni yfir augljósum framförum í hrossaræktinni, sem greinilega kom í ljós á síðasta landsmóti hestamanna.

Má í því sambandi minna bæði á kynbótahross og gæðinga, sem voru að flestra dómi jafnbetri, en áður hafa komið fram. Landsþingið þakkar Búnaðarfélagi Íslands og hrossaræktarráðunautum þess, gott starf að hrossaræktinni, sem unnið hefur verið á undanförunum árum.

Lengi má gott beta og hvetur þingið alla þá sem að hrossarækt vinna, að halda vöku sinni, og viðhafa hæfilega sjálfsgagnrýni m.a. með tilliti til fækkunar hrossa í landinu.

Umræður: Gunnar Bjarnason. Ragnar Tómasson gagnrýndi augnabliksdóma á kynbótahrossum. Þorkell Bjarnarson talaði vítt og breytt um starf sitt og aðstöðu. Álit kynbótanefndar samþykkt samhljóða.

Laganefnd. Framsögumaður: Birgir Guðmundsson.

I. 33. þing L.H. haldið í Hlégarði 29.-30. okt. samþykkir eftirfarandi reglur um félagsaðild í hestamannafélögum.

1. Félagssaðild er að jafnaði miðuð við búsetu á félagsvæðinu, en ekki bundin því skilyrði.

2. Heimilt er að vera aukafélagi í einu eða fleiri hestamannafélögum, en félagi er aðeins kjörgengur í stjórn félags og á þing L.H. í einu félagi. Skal hann sjálfur ákveða hvaða félag það er. Breytingar skal hann tilkynna stjórnnum félaganna skriflega fyrir áramót.

3. Á gæðingasýningum eða mótum sem hestamannafélag tekur þátt í eða stendur fyrir, skal hver félagi aðeins hafa rétt til að sýna hesta sína á vegum þess félags sem hann er aðalfélagi í.

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert keppnistímabil sem er almanaksárið. Undantekning frá þessu er ef um firmakeppni eða aðrar sýningar í fjáröflunarskyni er að ræða.

II. Álit laganefndar L.H. á 33. árþingi haldið í Mosfellssveit 29.-

30. okt:

L Ö G

fyrir

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA.

1. gr.

Samtökin heita Landssamband hestamannafélaga, skammstafað L.H. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

L.H. er samband hestamannafélaga í landinu. Það er málsvári þeirra, gætir sameiginlegra hagsmuna gagnvart öðrum aðilum og kemur fram fyrir þeirra hönd.

3. gr.

Markmið sambandsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum hestamanna, vexti og viðgangi hestamennskunnar í landinu, góðri meðferð hrossa og stuðla að sem bestri sambúð hesta og manna við náttúru landsins.

Þessu markmiði vill sambandið ná meðal annars með því:

- a. að samræma starfsemi hestamannafélaganna þannig, að þau vinni öll sameiginlega að framgangi þeirra mála, er lög þessi og reglugerðir L.H. ákveða, svo og samþykktir þær, sem löglega verða gerðar á aðalfundum, er nefnast árþing.
- b. að stuðla að bættari aðstöðu til hestahalds og iðkunar hestamennsku og leita samstarfs þar um við opinbera aðila.
- c. að beita sér fyrir því, að ræktað sé í landinu valið reiðhestakyn, er búið sé öllum þeim bestu kostum, sem til eru í íslenska hestakyninu.
- d. að beita sér fyrir fræðslu um hestamennsku, meðferð hesta og sérstaklega útgáfu fræðsluefnis þar um.
- e. að beita sér fyrir framgangi hestaíþróttar.

Nánari ákvæði varðandi markmið og starfsemi L.H. skulu sett í reglugerðir, sem hljóti löglega samþykkt árþings.

4. gr.

Fullgildir aðilar geta orðið öll hestamannafélög, sem hafa eigi færri en 50 félaga og starfa samkvæmt lögum og reglum L.H. Stjórn L.H. veitir inntöku-beiðnum móttöku og sker úr um hvort beiðnin skuli samþykkt. Úrskurði má skjóta til ársþings til endanlegrar ákvörðunar.

Félög sem þegar hafa fengið aðild að sambandinu halda réttindum sínum.

Á sömu forsendum má veita hagsmuna- og áhugamannafélögum sem tengjast hestum og hestamennsku og samrýmast lögum L.H. aukaaðild. Umsókn um aukaaðild skal send stjórn L.H. sem gefur umsögn og leggur hana fyrir næsta ársþing til afgreiðslu. Öll félög innan L.H. skulu leggja sérlæg sín og reglugerðir fyrir stjórn L.H. til umfjöllunar og staðfestingar.

5. gr.

Ársþing hestamannafélaganna skal skipað fulltrúum, er félögin kjósa til eins árs í senn. Félög með minna en 90 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 91 - 180 félagsmenn tvo fulltrúa, félag með 181 - 270 félagsmenn fjar þrjá fulltrúa o.s.frv. Hrossaræktarráðunaut B.f., stjórn íþróttaráðs L.H. og félögum með aukaaðild er heimilt að tilnefna einn fulltrúa til setu á ársþingi L.H. með málfrelsi og tillögurétti.

Þá skulu formenn kappreiðanefndar og gæðinga- og unglinganefndar L.H. boðaðir til þings með málfrelsi og tillögurétti.

Heiðursfélagar L.H. hafa einnig rétt til þingsetu með sömu réttindum. Heimilt er stjórn L.H. að bjóða gestum, svo og fulltrúum frá ákveðnum félags- eða hagsmunahópum að sitja ársþing sem áheyrnarfulltrúar, telji hún þau málefni, sem þingið fjallar um gefi sérstakt tilefni til þess.

Kjörbréf fulltrúa séu komin í hendur kjörbréfanefndar minnst þrem vikum fyrir ársþing, nema sérstakar ástæður komi til.

6. gr.

Stjórn sambandsins skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagar í L.H.

Stjórnarkosning skal vera skrifleg og óbundin. Skal kjósa formann og varaformann sérstaklega en aðra stjórnarmenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil er tvö ár.

Formaður og tveir stjórnarmenn skulu ganga úr stjórn í einu og á næsta þingi aftur varaformaður og þrír stjórnarmenn. Í varastjórn skal árlega kjósa fimm menn og taka þeir sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall. Verði stjórnarmaður kosinn formaður eða varaformaður skal kjósa annan í hans stað.

Stjórn L.H. er heimilt að skipa 3ja manna framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna er starfi í umboði stjórnar.

Stjórn L.H. skipar tvær fimm manna fagnefndir til eins árs í senn.

A. Kappreiðanefnd. B. Gæðinga- og unglinganefnd.

Skulu þær taka til umfjöllunar þau mál sem falla undir þeirra málaflokka og stjórn L.H. kann að berast eða hún af öðrum ástæðum kys að leita til þeirra um afgreiðslu á. Ennfremur skipar stjórnin þriggja manna kjörbréfanefnd til eins árs í senn.

Á hverju ársþingi skulu kosnir tveir endurskoðendur og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

7. gr.

Atkvæðisrétt á ársþingi hafa fullgildir kjörnir fulltrúar. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hafa málfrelsi og tillögurétt séu þeir ekki kjörnir fulltrúar.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum þessum.

Stjórnin fer með málefni sambandsins milli þinga, ræður starfsmenn og semur um kaup þeirra og kjör. Hún heldur fundi, þegar formaður eða þrír stjórnarmenn óska þess. Ef aðalmaður getur ekki mætt, skal kalla varamann í hans stað. Stjórnarfundur er lögmatur, ef fjórir stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður.

Bækur og skjöl sambandsins skulu jafnan geymd í öruggri geymslu. Skyld er að ávaxta fé sambandsins með sem hagkvæmustum kjörum.

8. gr.

Ársþing skal halda árlega á tímabilinu september til nóvember á þeim stað sem stjórn L.H. ákveður hverju sinni. Stjórn sambandsins boðar til þings með 6 vikna fyrirvara með bréfi til formanna félaganna.

Kjörgögn, álit starfsnefnda og tillögur til ársþings skulu hafa borist stjórn L.H. þrem vikum fyrir þing og skal hún senda þau aðildarfélögunum til kynningar.

Hafi breytingartillögur borist stjórn L.H. með nægilegum fyrirvara fyrir þing, skal þeim dreift fjölrituðum til þingfulltrúa eins og öðrum fundar-skjölum.

9. gr.

L.H. gefur út tímarit. Stjórnin sér um útgáfuna eða ritnefnd, sem stjórnin kys.

10. gr.

Tekjur L.H. skulu vera:

1. Árgjald fyrir hvern skráðan félagsmann skal ákveðið á ársþingi. Hækkun komi ekki til framkvæmda fyrir en á næsta ári. Gjaldldagi árgjalds er 15. maí ár hvert og skal félagatal miðað við þá dagsetningu. Eindagi árgjalda er á ársþingi.
2. Styrkur til starfseminnar frá opinberum aðilum.
3. Aðrar tekjuöflunarleiðir, sem stjórnin telur færar.

Reikningsár L.H. er almanaksárið, þó skal ársþingi gerð grein fyrir rekstri fyrstu 8-9 mánuði ársins sem er að líða.

11. gr.

Úrsögn úr L.H. skal bundin við ársþing og komin til stjórnar fyrir 1. júlí. Úrsögn er því aðeins lögmæt að hún sé undirrituð af stjórn viðkomandi félags.

Félag, sem er í vanskilum með lögboðin gjöld til L.H. missir rétt sinn þar til skuldin er að fullu greidd. Öll félög í L.H. skulu senda stjórninni skýrslu um starfsemi sína. Stjórnin lætur í té skýrsluform til útfyllingar. Skýrslan skal send stjórn L.H. þrem vikum fyrir þing.

12. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 atkvæða mættra þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæt.

L.H. hættir störfum, ef það er samþykkt á ársþingi með 4/5 atkvæða mættra þingfulltrúa og ráðstafar það eignum sambandsins.

Til máls tóku um breytingar á lögum: Gísli B. Björns-son, Örn Ingólfsson, Jón Guðmundsson, Leifur Jóhannesson og Grímur Gíslason sem flutti eftirfarandi tillögu:

"Þar sem mikilvægt er að sem allra best og víðtækust samstaða náist um væntanleg lög fyrir L.H., en ekki mun enn hafa gefist tækifæri til þess að kynna þetta mikilvæga frumvarp á almennum fundum í mörgum aðildarfélögum L.H. samþykkir þingið að fresta afgreiðslu þessa frumvarps til næsta ársþings 1983 og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Forseti úrskurðaði að hér væri um dagskrártillögu að ræða og var hún borin upp og samþykkt með 59 atkvæðum gegn 30. Tillagan var undirrituð af Páli A. Pálssyni, Árna Magnússyni, Erni Ingólfssyni, Brynjólfi Sandholt og Grími Gíslasyni.

Stefán Pálsson lýsti furðu sinni á því að þingið samþykkti að taka af dagskrá jafn mikilvægt mál sem millipínganefnd hefði eytt miklum tíma í að undirbúa.

- I. Álit Fjárhagsnefndar. Framsögumaður Hákon Kristinsson. Reikningar L.H. og Hestsins okkar samþykktir samhljóða.
- II. Tillaga um árgjöld 1983. Stjórn L.H. leggur til við 33. þing L.H. 1982 að gjald á hvern félaga til L.H. verði kr. 70.- á árinu 1983. Þorlákur Ottesen var með breytingatillögu um að gjaldið verði kr. 100.-. Breytingartillagan var felld með 53 atkvæðum gegn 34.
- III. Tillaga að fjárhagsáætlun samþ. óbreytt frá nefndinni:

Tekjur:

Árgjöld félaga	kr. 507.500.-
Styrkir	" 10.000.-
Tekjur v/rita	" 50.000.-
Vaxtatekjur	" 35.000.-
Aðrar tekjur	" 10.000.-
Tekjur v/hestar	" 120.000.-
Samtals kr.	732.500.-

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	250.000.-
Húsal. og sameiginl. rekstur	"	100.000.-
Skrifstofukostnaður	"	60.000.-
Akstur og ferðakostn.	"	80.000.-
Námsk. og fræðslustarf	"	65.000.-
Þinghald og fundir	"	25.000.-
Kostnaður v/útgáfu	"	20.000.-
Kostnaður v/beitarhólfa	"	50.000.-
Aðild að félagssamt.	"	8.000.-
Tæki og búnaður	"	25.000.-
Annað og ófyrirséð	"	49.500.-
Samtals		kr. 732.500.-

IV. Þingskjal 11. Svohljóðandi:

"33. ársþing L.H. haldið í Hlégarði, Mosfellssveit, 29.-30. okt. 1982 samþykkir að næstu 3 ár skuli lagt sérstakt aukagjald á félögin innan L.H. til eflingar aðstöðu á helstu ferðaleiðum hestamanna. Gjald þetta skal vera kr. 25.00 á hvern félagi í hestamannafélögunum og hækka samkv. byggingavísitölu milli ára. Tekjur þær sem af gjaldinu fást, skulu lagðar í sérstakan sjóð og honum eingöngu varið til uppbyggingar á áningarstöðum og reiðleiðum hestamanna svo sem með bættri gistiaðstöðu, girðinga og landgræðslu. Reynt verði til þrautar að fá mótfamlög frá t.d. sveitarfélögum, Landvernd, Landgræðslunni o.fl. Stjórn L.H. ákveður samkvæmt tillögu ferðanefndar L.H. hvernig fénu skuli varið og gerir grein fyrir ráðstöfun fjár úr sjóðnum á næsta ársþingi. Gjald þetta skal lagt á í fyrsta skipti á árinu 1983". Til máls tóku Árni Sigurðsson og Grímur Gíslason, sem mæltu gegn skattinum og Kristján Guðmundsson og Sveinn Jóhannsson sem mæltu með samþykkt tillögunnar. Tillagan samþykkt með þorra atkvæða.

V. Álit Fræðslunefndar. Framsögumaður Guðrún Gunnarsdóttir.

"33. ársþing L.H. haldið í Mosfellssveit 29.-30. okt. 1982 ítrekar framkomnar ábendingar um þörf á því að koma upp safni kennsluefnis um hina ýmsu þætti hestamenskunnar. Þingið felur stjórn L.H. að hlutast til um að upp verði komið safni myndbandaefnis til kennslu og fróðleiks auk annars efnis í máli og myndum. Þessu starfi verði hraðað eftir föngum.

Þingið lýsir ánægju sinni með þann vísir að útgáfu fræðsluefnis sem hafin var á sl. vori í formi smárita þeirra er gefin voru þá út og hvetur til áframhaldandi útgáfustarfsemi af þessu tagi." Tillagan samþykkt samhljóða.

samhljóða.

II. Þingskjal 21. Tillaga frá Neista, lögð þannig fram af nefndinni: 14. gr. keppnisreglna. Á eftir: "Dómari skal til prófunar" komi "Dómur þessi skal fara fram strax að lokinni sýningu hestsins". Síðan standi næsta setning óbreytt. "Á eins dags" o.s.frv. 10. gr. komi viðauki: "Í þeim flokki góðhesta, er hann sjálfur dæmir. 13. gr. í síðasta hluta greinarinnar á eftir orðunum: "Strax að lokinni...." komi: "Strax að lokinni sýningu hvers hests skulu dómara senda einkunnagjöfina til stjórnanda í dóm-palli er þegar felur aðalritara sínum að reikna út meðaltals-einkunn hestsins með því að færa einkunnir allra dómara inn á sérstakt blað er sýni samræmi milli dómara. Um leið og einkunna-gjafir allra dómara hafa verið sendar í dómpall fer næsti keppnishestur í dómhring, en stjórnandi kynnir á meðan fyrir móts-gestum aðaleinkunn þess hests er á undan var í dómhringnum". Vísað til gæðinga og unglinganefndar með þessari viðbót: Á stórmótum skal dregið um í hvaða röð aðildarfélag skuli koma fram í hverjum keppnisflokki í gæðinga og unglingakeppni. Samþykkt samhljóða.

III. Þingskjal 20 vísað til gæðinga og unglinganefndar. Þingskjal 27 vísað til gæðinga og unglinganefndar. Þingskjal 26 vísað til dómarafélagsins. Tillögur um þessar tilvísanir voru samþykktar samhljóða.

IV. Þingskjal 10. Tillaga Andvara um að reynd yrði breyting í framkvæmd dóms á félagsmóti næsta ár var felld með þorra atkvæða.

V. Breytingatillaga frá Ragnari Tómassyni o.fl. við 17. gr. um úrslitakeppni.

"í A-flokki: Allar gangtegundir sýndar, skeið á sprettum."

"í B-flokki: Allar gangtegundir B-flokks sýndar. Tölt og brokk með góðum hraðamun."

í úrslitum skulu riðnir því sem næst 15 hringir samtals auk tveggja skeiðsprettu í A-flokki. Knöpum er frjálst að ríða fram úr keppendum. Flutningsmenn með Ragnari eru Sigurjón Gestsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og Skapti Steinbjörnsson.

Akstur og ferðakostn.	"	80.000.-
Námsk. og fræðslustarf	"	65.000.-
Þinghald og fundir	"	25.000.-
Kostnaður v/útgáfu	"	20.000.-
Kostnaður v/beitarhólfa	"	50.000.-
Aðild að félagssamt.	"	8.000.-
Tæki og húnaður	"	innngöngu í f.s.f.

leggur íþróttanefnd til að nefnd sú sem starfar á vegum íþróttaráðs L.H. kanni í samráði við framkvæmdast. f.s.f. hvort ekki sé hægt að breyta lögum íþróttaráðs L.H. og íþróttadeilda, þannig að íþróttadeildir fái innngöngu í f.s.f. án þess að slitna frá hestamannafélögunum og L.H.". Samþykkt samhljóða.

Kristján Guðmundsson ræddi um tölvuskráningu félagana og hvatti menn til þess að senda réttar félagaskrár.

Fjórðungsmót L.H. Björn Mikaelsson formaður Léttis ræddi um fjórðungsmót 1983 sem ákveðið hefur verið að halda á Melgerðismelum í Eyjafirði og hefur Léttir yfirumsjón þess.

Stjórnarkosning:

Úr stjórn eiga að ganga Gísli B. Björnsson, og Sigurður Haraldsson,

Kosinn ritari: Sigurður Haraldsson 99 atkvæði, Birgir Guðmundsson 3 atkvæði. Aðrir fengu minna. Auðir 5, ógildir 2.

Kosning gjaldkera: Gísli B. Björnsson 100 atkvæði. Auðir 10 atkv.

Kosning vararitara: Árni Magnússon 98 atkv. Auðir 3.

Kosning varagjaldkera: Árni Guðmundsson 64 stkv. Hreinn Ólafsson 35.

Kosning endurskoðanda. Aðal Þorvaldur Þorvaldsson, og Haraldur Sveinsson, Varamenn: Jón Guðmundsson, Reykjum og Hjalti Pálsson,

Forseti Jón Guðmundsson þakkaði fulltrúum góða fundarsetu og þrúða framgöngu. Formaður L.H. sleit síðan þingi og þakkaði starfsmönnum góð störf og gat þess að Faxi, Borgarfirði hefði boðið til þinghalds 1983. Jón Guðmundsson bauð menn velkomna í fagnað Harðar í Hlégarði nú í þinglok.

Jón M. Guðmundsson

Kári Arnórsson

Ólafur Kristjánsson

Kolbrún Úlfisdóttir